



Aðalfundur samtakanna Umhverfi og velliðan

MÁNUDAGINN 1. NÓVEMBER, KLUKKAN 20:00
Í MENNINGARMÍÐSTÖÐINNÍ GERÐUBERGI,
GERÐUBERGI 3-5, 111 REYKJAVÍK.

Dagskrá

1. Venjuleg aðalfundstörf
2. Erindi Páll Líndal doktorsnemi í Umhverfissálarfræði.

Streita og umhverfi sjúkrastofnanna.

Í fyrirlestrinum mun Páll ræða um umhverfi sjúkrastofnana og hversu lítið er horft til sálfræðilegra þátta í því samhengi. Græn svæði kringum spítalana eru illa nýtt en þau mætti nýta miklu, miklu betur í lækningarskyni. Nálægð við græn svæði skiptir þar höfuðmáli og hönnun þeirra þarf að lúta ákveðnum reglum í því samhengi.

3. Verkefni samtakanna kynnt
 - a) Guðrún Ástvaldsdóttir segir frá gróðursetningu með börnum við Engjaskóla.
 - b) Morten Lange greinir frá verkefni sem unnið er í samvinnu við bíllausan lífstíl. Samtökin munu ásamt þeim standa að fegrun hluta reiðhjólástígs í Grafarvogi.
 - c) Rut Káradóttir og Páll Líndal segja frá verkefni samtakanna á göngudeild Landspítalans.
 - d) Auður I Ottesen segir frá gróðursetningargjöfningi með foreldrum og starfsfólki leikskólans Nóaborg, en þar voru settir niður berjarunnar og ávaxtatré.

Markmið Samtaka áhugafólks um umhverfi og velliðan eru meðal annars að skapa vettvang fyrir umræður, fróðleik og átaksverkefni á sviði umhverfismála. Á slíkum vettvangi geta ólíkir gearar samfélagsins deilt hugmyndum og miðlað af reynslu, sem gæti leitt af sér frjóa umræðu, hvatt til rannsókna, fræðandi skrifa, fræðslu og ábendinga sem leiða til umbóta. Slíkt leiðir mögulega til hvers kyns samvinnu og samheldni, auk þess sem nýir vinklar eða forsendur skapast. Hugmyndin er að stilla saman strengi þeirra sem láta sig varða umhverfissgæði og áhrif umhverfis á velliðan. Samtökin mynda einnig þrýstihóp með áherslu á að sjónarmið umhverfissgæða og lýðheilsu fái meira vægi í þjóðfélagsumræðunni. Samtökin hafa frá stofnun staðið fyrir ýmsum verkefnum sem tengjast umhverfi og velliðan. Þar á meðal eru verkefni í nærumhverfi Engjaskóla í Grafarvogi, rannsókn og umhverfisbreytingar á göngudeild krabbameinsdeildar Landspítala háskólasjúkrahúss, bætt umhverfi hjólréiðastíga, berja og aldinrunnar á leiksólalóðir og verkefni sem kallast Heilnæmir garðar.



Gróðursetningargörningur með foreldrum og starfsfólki leikskólans Nóborg, en þar voru settir niður berjarunnar og ávaxtatré.

Unnið að fegrun hluta reiðhjólástígs í Grafarvogi í samvinnu við bíllausan lífstíl.



Gróðursetningarverkefni Guðrúnar Ástvaldsdóttur með börnum við Engjaskóla í Grafarvogi.



Verkefni samtakanna á göngudeild Landspítalans.

AUDUR I. OTTESEN

FORMAÐUR SAMTAKANNA UMHVERFI OG VELLÍÐAN
HAMRAHLÍÐ 31, 105 REYKJAVÍK, ICELAND
E-MAIL: AUDUR@RIT.IS, SÍMI: +354 824 0056

HEIÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR

VARAFORMAÐUR SAMTAKANNA UMHVERFI OG VELLÍÐAN
LANGAGERÐI 15, 108 REYKJAVÍK, ICELAND
E-MAIL: NOI@NOI.IS, SÍMI: +354 897 8786